

Nafn: _____

Kennitala: _____

Þeir sem vilja (nemendur í 7. - 10. bekk) fá að nota eigin tæki; síma, tölvur eða önnur snjalltæki, í skólanum **verða að skrifa undir samning og virða þær reglur sem settar eru varðandi tækjanotkun í skólanum**. Aðgangur að interneti Grunnskóla Húnabyggðar er ætlaður fyrir nemendur sem vilja nota eigin tæki til náms.

Nemendur og foreldrar samþykkja eftirfarandi reglur:

- ✓ Tæki nemenda eru á eigin **ábyrgð**, nemendur og forráðamenn eru hvattir til að **tryggja** tækin.
- ✓ Við alla notkun tækjanna er sýnd **virðing og tillitssemi**. Það er **ólöglegt** að setja efni s.s. myndir, hljóðskrár og annað á netið.
- ✓ Við upphaf kennslustundar á að vera slökkt á öllum **tækjum eða stillt á hljóðlaust**.
- ✓ Tækin eru geymd inn í skáp, ofan í tösku eða í vasa með slökkt á öllum tilkynningum.
- ✓ Þegar kennari **leyfir** má nota tækin til náms og/eða til að hlusta á tónlist.
- ✓ Nemendum er **ekki heimilt að hlaða niður efni** í gegnum nettengingu skólans.
- ✓ Engin **samskiptaforrit** eru opin meðan á kennslu stendur.
- ✓ Nemendur fara einungis á **vefsíður við hæfi** aldurs þeirra og þroska.
- ✓ Tækin eru ekki notuð í **matsalnum á matmálstímum**.
- ✓ Nemendur eru sammála um að nota ekki annarra manna tæki **án leyfis**.

Samningurinn er endurskoðaður eftir þörfum í samvinnu við nemendur. **Við brot á þessum reglum er viðkomandi tæki komið í vörslu skólastjórnenda.**
Forráðamenn geta síðar nálgast tækin hjá þeim.

Gildir til:

Dags. _____

Samþykki foreldra: _____

Undirskrift nemanda: _____

Mac address: _____

Mac address: _____